

Mál nr. 356/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19. september 2024, ásamt öllum fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M með tölvupósti dags. 10. október 2024.
4. Viðbótarathugasemdir V með bréfi dags. 16. október 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að hinn 13. ágúst 2024 hafi bifreið M verið til viðgerðar á verkstæði þar sem starfsmaður X ók bifreiðinni yfir bílalyftu. M lýsir atvikum þannig í tjónstilkynningu að framstuðari bifreiðar hans hafi brotnað þegar umræddur starfsmaður hafi ekið bifreiðinni yfir bílalyftuna. Myndbandsupptaka liggur fyrir í gögnum málsins.

M vísar til þess í málskoti að skemmdir hafi orðið á bifreið hans þegar bifreið hans hafi verið ekið af bílalyftu hjá X. M kveðst hafa orðið vitni af atburðinum og heyrst hafi mikill hvellur þegar bifreið hans var ekið aftur á bak niður á aðra lyftu en bifreiðin var á. M telur að X hafi viðurkennt bótaskyldu sína, enda hafi X boðist til að greiða fyrir viðgerð á bifreið M.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að það sé ósannað að bifreið M hafi orðið fyrir tjóni þegar henni var ekið yfir bílalyftuna, tjón hefði allt eins getað orðið áður. Einnig vísar V til þess að tjón eins og það sem hafi verið á framstuðara bifreiðar M hafi getað komið til við hefðbundna notkun bifreiðarinnar. V vísar til þess að X lýsi aðstæðum þannig á vettvangi að bílalyfta sé 11 cm há og þúsundum bifreiða sé ekið yfir hana á hverju ári án vandkvæða, meðal annars bifreiðum sem eru lægri en bifreið M. Einnig liggja fyrir myndbandsupptaka af því atviki sem M telur að hafi leitt til tjóns á bifreið hans og telur að það sýni ekki tjónsatvik. Einnig vísar V til þess að viðleitni X til að setta málið við M feli ekki í sér viðurkenningu á bótaskyldu V, sbr. 2. mgr. 3. gr. vátryggingarskilmála ábyrgðartryggingar sem og 3. mgr. 43. gr. almennra skilmála V.

Í viðbótarathugasemdum M telur M rétt að benda á að myndbandsupptaka sýni ekki undir bifreið hans, né þá hlið sem hafi orðið fyrir höggi. M telur ljóst af myndbandinu að á 18 sekúndu þess hafi bifreið hans fengið högg á sig þar sem bifreiðin skoppi til og viðbrögð starfsmanna bendi einni til þess að eitthvað hafi gerst. Þannig komi einnig fram munur á því hvernig bifreiðin skoppi til á seinni bílalyftu en ekki á þeirri fyrri. Auk þessa vísar M meðal annars til þess að stál á bílalyftunni sé rifflað og geti þannig rispað bifreiðar, M hafi þrifið, bónað og blettað bifreið sína áður en hún fór á verkstæði X og ekki hafi verið sjáanlegt tjón á bifreiðinni áður en hún fór þangað.

Í viðbótarathugasemdum V kemur meðal annars fram að skilyrði fyrir greiðsluskyldu úr viðtækri ábyrgðartryggingu X sé að tjón verði rakið til gáleysis, mistaka eða vanrækslu starfsmanna X og ekki sé sannað að starfsmenn X hafi valdið tjóni á bifreið M með þeim hætti. V telur ekki koma fram á myndbandsupptöku að bifreið M hafi verið ekið ógætilega yfir bílalyftuna eða að viðbrögð starfsmanna hafi verið þannig að þeir hafi verið að bregðast við tjónsatburði. Einnig bendir V á að myndir skemmdum á bifreið M hafi borist fjórum dögum eftir meint tjónsatvik og við mat V á myndunum sé að skemmdirnar hafi ekki átt sér stað við eitt atvik.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um hvort X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem M kveðst hafa orðið fyrir þegar bifreið hans var til viðgerðar hjá X. Nánar tiltekið telur M að tjón hafi orðið á bifreið sinni vegna aksturs bifreiðarinnar af hálfu starfsmanns X af einni bílalyftu niður á aðra.

Gildissvið ábyrgðartryggingar X hjá V nær til tjóna sem X ber skaðabótaábyrgð á og í þessu tilviki myndi slík skaðabótaábyrgð byggjast á ólögfestri skaðabótareglu um vinnuveitendaábyrgð X vegna skaðaverka starfsmanna sinna. Til þess að skilyrði þeirrar skaðabótareglu sé uppfyllt þarf starfsmaður X að hafa valdið tjóni með saknæmum hætti, þ.e. sýnt gáleysi eða aðra háttsemi sem leiðir til tjóns.

Við skoðun nefndarinnar á myndbandsupptöku þar sem starfsmaður X ekur bifreið M verður ekki séð að starfsmaður X hafi sýnt gáleysi við aksturinn eða að ljóst sé að við aksturinn hafi orðið tjón á bifreið M. Almennu ber sá sönnunarbyrði sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð. Hallann af sönnunarskorti um gáleysi starfsmanna X ber M sem á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V miðað við fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir